

Orkustofnun  
Grensásvegi 9  
108 Reykjavík

5 . apríl 2017

## Efni: Samráð vegna kerfisáætlunar 2016-2025

Íslenskri orkumiðlun ehf. (ÍO) barst bréf frá Orkustofnun þann 22. mars síðastliðinn sem fjallar um samráð vegna kerfisáætlunar Landsnets 2016-2025. ÍO þakkar Orkustofnun fyrir samráðið og tækifærið til að koma að athugasemdum. Almennt telur ÍO að sú áætlun sem nú er í samþykktarferli hjá Orkustofnun sé mjög til bóta miðað við fyrri áætlanir. Að mati ÍO eru sviðsmyndir þær sem Landsnet leggur upp með raunhæfar og lýsa vel þeim áskorunum sem framtíðin gæti borið í skauti sér. Horfið hefur verið frá sviðsmyndum sem byggja á framboði raforku (út frá nýtingarflokki rammaáætlunar) og er nálgunin nú á eftirspurnarhlið markaðarins.

Raforka gegnir mikilvægu hlutverki fyrir efnahagslífið og samfélagið í heild. Öflugt raforkuflutningskerfi er ein meginforsenda orkuöryggis þ.e. aðgengi, afhendingaröryggi og verð. Öflugt raforkuflutningskerfi er einnig ein meginforsenda virkrar samkeppni á raforkumarkaði. Uppbygging á flutningskerfinu er því nauðsynleg til þess að virkja frekar samkeppni á raforkumarkaði og tryggja enn frekar raforkuöryggi í landinu. Það getur ekki talist ásættanlegt að flutnings- og dreifikerfi landsins séu hvort tveggja samkeppnishamlandi og standi í vegi fyrir mikilvægri atvinnuuppbyggingu í landinu öllu. Landsnet þarf þó að huga að framkvæmdahraða svo gjaldskrá fyrirtækisins hækki ekki um of. Þetta á sérstaklega við um þær framkvæmdir sem miða að því að styrkja meginflutningskerfið og engin aukin notkun kemur á móti.

ÍO fagnar aukinni áherslu Landsnets á umhverfis- og loftlagsmál. Almennt er góð sátt um að aðgerða sé þörf við að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis á Íslandi. Á síðustu árum hefur stöðugt verið unnið að því að endurbæta búnað í fiskimjölsverksmiðjum til að mæta auknum kröfum um framleiðslugæði og mengunarvarnir. Stærsta framfaraskrefið er tímælalaust rafvæðing verksmiðjanna, en áður notuðu þær olíu til brennslu og voru lengst af stærstu notendur olíu í iðnaði. Frá árinu 1997, þegar olíunotkun fiskimjölsverksmiðja náði hámarki hefur olíunotkun þeirra dregist saman um 97%. Rafvæðingin hefur því sparað tugþúsunda tonna af útblæstri gróðurhúsalofttegunda. Til að setja þetta í samhengi þá hefur rafvæðingin haft í för með sér útblásturssparnað sem nemur útblæstri alls bílaflotans á Íslandi á einu ári. Að mati ÍO þarf að viðhalda þeim mikla árangri sem náðst hefur á þessu sviði og tryggja að fiskimjölsverksmiðjur geti notað rafmagn í sinni framleiðslu.

*Magnús Júlíusson*

Magnús Júlíusson, framkvæmdastjóri